




Upphafstímabil Skógarkolefnisverkefna getur tekið 3-6 ár



Hvert verkefni er aftur tekið út og vottað á 5. ári eftir að gróðursetningu lýkur og síðan á 10 ára fresti eftir það. Verkefnistíminn er 50 ár.

Skógarkolefni er kröfusettt fyrir nýskógræktarverkefni á valkvæða kolefnismarkaðnum. Kröfusettið sem núna er í gildi er Skógarkolefni 2.0, en unnið er að útgáfu 3.0 undir hatti International Carbon Registry (ICR). Skógarkolefni er í eigu Lands og skógar.

Skógarkolefni myndar ramma fyrir undirbúning, framkvæmdir, vöktun og vottun nýskógræktarverkefna. Hvati verkefnanna er framleiðsla og sala kolefniseininga, sem drifin er áfram af þörf atvinnulífsins og samfélagsins fyrir kolefnisjöfnun losunar. Jafnframt eiga notendur eininganna að setja sér áætlun um minnkun losunar.

Öll verkefni eru hrein viðbót við annað sem annars yrði gert til að minnka losun og auka bindingu koltvísýrings úr lofti. Það ásamt gagnsæju, óháðu skráningarkerfi, vöktunarkerfi og vottun þriðja aðila á að tryggja ábyrgð í loftslagsmálum og koma í veg fyrir grænþvott.

Nú er á þriðja tug Skógarkolefnisverkefna skráð hjá ICR og svipaður fjöldi verkefna er í undirbúningi. Verkefnin ná til þúsunda hektara lands og munu binda nægt magn af CO₂ til að skipta verulegu máli.

Vefsíður

Skógarkolefni: <https://www.skogarkolefni.is/>

ICR: <https://www.carbonregistry.com/>

Skógarkolefnisreiknir: <https://reiknival.skogur.is/>